I. Umsóknarfrestur og innritunarreglur

1. Heimilt er að sækja um leikskóladvöl fyrir barn eftir 6 mánaða aldur.

2. Umsókn skal vera bundin ósk um vistunartíma. Ef foreldri/forráðamaður barns sem er á biðlista þiggur ekki umbeðið pláss sem boðið er á leikskóla, fer umsóknin aftast á biðlistann.

3. Börn einstæðra foreldra, börn sem búa við fötlun og/eða veikindi og börn sem búa við félags- eða fjárhagslega örðugleika njóta forgangs að heilsdagsplássum. Tvítyngi getur fallið í þennan flokk.

4. Leikskólaplássum er úthlutað eftir aldri barns, þó hefur dagsetning umsóknar áhrif á úthlutun. Óski leikskólstjóri eftir ákveðnum aldri og/eða kyni barns inn á leikskólann, skal tekið tillit til þess við úthlutun.

5. Heimilt er að segja barni upp plássi, ef nýting fer niður fyrir 60% tvo mánuði í röð, án þess að gildar ástæður séu fyrir því, s.s. veikindi og/eða tímabundnar fjarvistir úr sveitarfélaginu.

6. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskólum Skagafjarðar er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. dag hvers mánaðar.

7. Nauðsynlegt er að útfylla umsóknareyðublað eins nákvæmlega og umsækjandi getur:

   a. Kennitala
   b. Æskilegur dvalartími
   c. Vottorð/staðfesting um lögheimili ef viðkomandi er nýtfluttur í sveitarfélagið.
   d. Staðfesting frá Tryggingastofnun um mæðra- eða feðralaun sé viðkomandi foreldri einstætt.

8. Með undirritun umsóknar undirgengst forráðamaður barns að hlýta ofangreindum reglum.

II. Sérfræðiþjónusta leikskóla

Við leikskóla sveitarfélagsins er boðið upp á þjónustu sérfræðinga sem leitað er til eftir þörfum. Hlutverk þeirra er að annast faglega ráðgjöf við starfsfólk og foreldra vegna barna með þörf fyrir hjálp og stuðning. Samkvæmt lögum er allt starfsfólk leikskólans bundið þagnarheiti og farið er með vitnekju um hagi fólks sem trúnaðarmál.
Ekkert er aðhafst án samráðs við foreldra.

III. Starf í leikskólum

Markmið með starfi leikskóla er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim uppeldisskilyrði er efla persónulegan þroska þeirra. Leikskólar eiga að vera foreldrum/forráðamönnum til stuðnings og eru sjálfsögð viðbót við uppeldi barnanna.

Leikskólar sveitarfélagsins eru:

Ársalir Sauðárkróki:
- Ársalir yngra stig 1-2 ára börn
- Ársalir eldra stig 3-6 ára börn

Birkilundur Varmahlíð 1-6 ára börn

Tröllaborg:
- Bangsabær Sólgörðum 1-6 ára börn
- Barnaborg Hofsósi 1-6 ára börn
- Brúsabær Hólum 1-6 ára börn

IV. Innheimtureglur leikskóla

1. Gjöld eru greidd fyrirfram, gjalddagi er fyrsta hvers mánaðar. Dvalargjald skal greitt fyrir umsaminn dvalartíma óháð mætingu barns. Ef barn er fjarverandi í mánuð geta foreldar óskað eftir að fæðisgjald sé fellt niður þann mánuð.

2. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá gjalddaga.

3. Ef gjald hefur ekki verið greitt að mánuði liðnum fær viðkomandi forráðamaður sent ítrekunarbréf þar sem sett er á heimild til að segja upp plássinu ef ekki er staðið í skilum.

4. Hafi skuldin ekki verið greidd eða um hana samið eftir einn mánuð (30 daga) frá gjalddaga, er viðkomandi forráðamanni afhent uppsagnarbréf þar sem plássi barnsins er sagt upp frá og með 1. degi næsta mánaðar. Gefinn er 10 daga frestur til að ganga frá skuldinni ella verður barnið að hætta á fyrrgreindum tíma. Að þeim tíma liðnum er send lokaaðvörun og lögfræðingi falið að innheimta skuldina.